

Ágúst Ólafur Ágústsson

Eftir að ráðherra- nýrrar ríkisstjórnar kom í ljós urðu margir undrandi á að Ágúst Ólafur Ágústsson skyldi ekki hafa verið valinn ráðherra. Þegar í ljós kom að hvorki þingflokksformennska né formennska í fjárlaganefnd félli Ágústi í skaut hækkuðu gagnrýnisráddirnar. Þegar Svanhvit Ljósbjörg Guðmundsdóttir spjallaði við Ágúst Ólaf sagði hann að sér hefði fundist eðlilegt að hann yrði ráðherra en þetta hefði verið ákvörðun formanns.

„Auðvitað hafði ég metnað til að verða ráðherra auk þess sem ég hef bæði menntun og hæfni í starfið. Ég hef fundið fyrir miklum stuðningi hjá mörgum flokksmönnum sem hefðu gjarnan viljað sjá mig í ráðherrastól. Það er mér mikils virði að fá slíkan stuðning og viðbrögðin innan flokksins hafa verið mjög sterk, svo vægt sé til orða tekið. Hins vegar ber á það að líta að flokkurinn var búinn að samþykka að það ætti að vera jafnt kynjahlutfall í ráðherrastólum og ég studdi þá stefnumótun af heilum hug. Síðan ber einnig á það að líta að það var hugsanlega óraunhæft að það kæmu fjórir ráðherrar af sex úr Reykjavík og það voru þrír aðrir þingmenn fyrir ofan mig á framboðslistanum í Reykjavík. Ég er enn þá ungur og ef ég hefði orðið ráðherra núna þá hefði ég orðið næstingsti ráðherra sem nokkurn tímann hefur tekið sæti í ríkisstjórn. Hins vegar er ég tilbúinn þegar kallið kemur. Það er gert ráð fyrir því í lögum flokksins að varaformaður flokks og þingflokksformaður séu sitt hvort einstaklingurinn. Þegar kom að því að velja þingnefndir fór ég þá leið að velja mér nefnd eftir áhugasviði og fékk því það sem ég vildi. Ég sóttist ekki eftir formennsku í fjárlaganefnd heldur í viðskiptanefnd sem er nær mínu áhugasviði og menntun en ég er lögfræðingur og með BA próf í hagfræði.“

Í pólitík út af hugsjónum

Ágúst Ólafur er þrítugur og er að hefja sitt annað kjörtímabil. Hann segist telja að það verði gjörólíkt að vera í ríkisstjórn eða stjórnarandstöðu. „Því fylgir náttúrulega ákveðið frelsi að vera stjórnarandstöðuþingmaður og alveg ljóst að aginn virðist vera meiri þegar maður er hluti af sitjandi meirihluta. Hins vegar er ég í pólitík út af minni hugsjón um jafnaðarstefnuna og frjálslyndi og þar gef ég engan afslátt. Ég tel því að það séu spennandi tímar framundan. Ég byrjaði að skipta mér af stjórnámálum upp úr tvítugu og Samfylkingin er í raun og veru minn fyrsti flokkur. Ég tel mig

tilheyra þessari samfylkingarkynslóð sem er ekki með sögu úr gömlu flokkunum. Ég var kosinn á þing árið 2003 en þá var ég enn í námi. Það má því

segja að þingstarf sé mitt fyrsta fulla starf, þó ég hafi unnið í alls kyns störfum á sumrin. Drifkraftur minn er að skila góðu dagsverki og það er það er eina sem drífur mig áfram. Ég tel mig hafa unnið vel fyrir flokkinn og ég hef reynt að taka upp mál sem ég tel snerta raunverulega hagsmuni fólks í þessu samfélagi. Mitt fyrsta þingmál eftir að ég settist á þing laut að því að afnema fyrningarfrétt í kynferðisbrotum gegn börnum og ég tel að hagsmunir gerist nú ekki stærri en það. Á síðasta degi síðasta kjörtímabils náðist þverpólitísk samstaða um að fara þessa leið eftir margra ára baráttu og margir lögðu hönd á plóg. Það voru búnar að safnast 25 þúsund undirskriftir fyrir þessu frumvarpi mínu sem er algjörlega fordæmalaust.“

Réttlát forgangsröðun

Ágúst Ólafur segist vera trúr sinni jafnaðarhugsjón enda meti hann hana ofar öllu í pólitík. Aðspurður hvort hann telji að einn maður á Alþingi geti breytt einhverju segir hann svo vera. „Það starf sem á sér stað á Alþingi byggist á samvinnu og að einhverju leyti á átökum en einn maður getur náð árangri. Ég held að ég hafi átt stóran þátt í því að fyrningar-

fréttur í kynferðisbrotum var afnuminn því í byrjun var mjög mikil andstaða við að fara þessa leið þótt margir hafi lagt hönd á plóg í þeirri baráttu. Ég er þakklátur fyrir að hafa náð því skrefi. Mál eins og þessi eru oft kölluð mjúku málin en mér finnst það rangnefni að kalla jafnréttismálin, baráttu gegn kynbundnu ofbeldi, heimilisofbeldi og vændi mjúk mál. Þessi mál eru að mínu mati merkilegri en margt annað sem gerist á Alþingi því þau snerta líf og limi fólks. Ég nálgast

þingsins. Verksvið þeirrar nefndar er meðal annars fjármálageirinn, bankarnir, neytdamálin og samkeppnislögin. Þarna liggur útrásin og vonaandi innrásin sem því miður stendur enn á sér. Ég vil beita mér fyrir samkeppnishæfu og frjálsu viðskiptaumhverfi.“

Ekki réttlæti

Ágúst Ólafur hefur verið gagnrýnninn á dóma sem fallið hafa í kynferðisbrotum og segist ætla að halda því

„Auðvitað hef ég metnað til að verða ráðherra auk þess sem ég hef bæði menntun og hæfni í starfið. Ég hef fundið fyrir miklum stuðningi hjá mörgum flokksmönnum sem hefðu gjarnan viljað sjá mig í ráðherrastól.“

þessi mál út frá því að reyna að bæta lífskjör fólks með réttlátum lögum og auknu frelsi. Stjórnsmál snúast um forgangsröðun, peningarnir koma allir úr sama potti og við þurfum einhvern tímann að taka ákvarðanir sem byggjast á réttlátri forgangsröðun. Ég hef einnig brennandi áhuga á efnahagsmálum og hlakka mikið til að takast á við að stýra viðskiptanefnd

áfram enda séu þessir dómur óásættanlegir. „Í lögfræði er kennt að það sé ekki nóg að ná fram réttlæti heldur þurfi líka að líta út fyrir að réttlæti sé náð. Hvorugt þessara skilyrða er uppfyllt að mínu mati. Þetta eru ekki réttlátir dómur, réttlætiskennð þjóðarinnar sviður og dómstólar þurfa að komast úr þeim víthring sem þeir eru í. Lögjafinn hefur ákveðið mjög



Tilbúinn þegar kallið kemur

Strigaprentun

Gerðu þitt eigið listaverk!

Við stækum og prentum myndir á striga fyrir þig

Kynntu þér strigaprentun í næstu verslun okkar



HANS PETERSEN

Bankastræti Fjörður Kringlan Laugavegur 178 Smáralind